Nr. 30/2004
4. nóvember 2004

# Efnahagsreikningur Seðlabanka Íslands í lok október 2004

Í meðfylgjandi töflu er sýndur efnahagsreikningur Seðlabanka Íslands í lok október 2004 og til samanburðar í lok september 2004 og í lok desember 2003.

Seðlabankinn keypti gjaldeyri á innlendum millibankamarkaði fyrir 1,4 milljarða króna í október sl. í samræmi við áður kynnta áætlun hans um aðgerðir til að styrkja gjaldeyrisstöðu sína. Gjaldeyrisforði bankans minnkaði um 5 milljarða króna í mánuðinum og nam 66,1 milljarði króna í lok mánaðarins sem jafngildir 959 milljónum Bandaríkjadala miðað við gengi í mánaðarlok. Þessa lækkun má rekja til lánahreyfinga ríkissjóðs og einnig varð nokkurt gengistap í mánuðinum sem stafaði af því að gengi íslensku krónunnar styrktist um 0,12% í október.

Kröfur Seðlabankans á innlánsstofnanir hækkuðu um 11 milljarða króna í október og námu 20,6 milljörðum króna í lok mánaðarins. Kröfur á aðrar fjármálastofnanir jukust og námu 11,2 milljörðum króna í mánaðarlok.

Markaðsskráð verðbréf í eigu bankans námu 3,2 milljörðum króna í októberlok miðað við markaðsverð.

Skuldir Seðlabankans við innlánsstofnanir jukust um 9,6 milljarða króna í mánuðinum og námu 27,6 milljörðum króna í mánaðarlok, en skuldir við aðrar fjármálastofnanir stóðu því sem næst í stað.

Nettóinnstæður ríkissjóðs og ríkisstofnana minnkuðu um 2,9 milljarða króna og námu 17 milljörðum króna í lok mánaðarins.

Grunnfé bankans hækkaði í október um 9,7 milljarða króna og nam 38,6 milljörðum króna í mánaðarlok.

Nánari upplýsingar veita bankastjórar Seðlabanka Íslands og Erla Árnadóttir aðalbókari í síma 569-9600.

# Efnahagsreikningur Seðlabanka Íslands 31. október 2004

| | STAÐA | STAÐA | STAÐA | HREYFINGAR 2004 | |
|---|---|---|---|---|---|
| | 31.12.03 | 30.09.04 | 31.10.04 | Á árinu | Í október |
| **EIGNIR** | 87.307,0 | 91.817,6 | 98.244,1 | 10.937,0 | 6.426,4 |
| **Erlendar eignir** | **58.274,1** | **71.294,7** | **66.244,7** | **7.970,5** | **-5.050,1** |
| a Gull | 1.873,2 | 1.877,4 | 1.870,8 | -2,4 | -6,6 |
| b Sérstök dráttarréttindi IMF | 3,5 | 5,3 | 10,4 | 6,9 | 5,1 |
| c Gjaldeyrisstaða við IMF | 1.962,8 | 1.937,3 | 1.922,2 | -40,6 | -15,1 |
| d Erlendir bankar | 22.739,6 | 27.153,5 | 19.656,2 | -3.083,4 | -7.497,3 |
| e Erlend verðbréf og ríkisvíxlar | 31.529,2 | 40.162,6 | 42.630,4 | 11.101,2 | 2.467,8 |
| f Erlendar eignir utan forða | 165,9 | 158,7 | 154,7 | -11,2 | -4,0 |
| **Innlánsstofnanir** | **24.038,2** | **9.614,5** | **20.629,4** | **-3.408,9** | **11.014,9** |
| a Endurhverfir samningar | 24.038,2 | 9.614,5 | 20.529,3 | -3.509,0 | 10.914,8 |
| b Daglán | 0,0 | 0,0 | 100,1 | 100,1 | 100,1 |
| c Aðrar kröfur | 0,0 | 0,0 | 0,0 | 0,0 | 0,0 |
| **Aðrar fjármálastofnanir** | **4.192,6** | **10.738,5** | **11.218,1** | **7.025,5** | **479,6** |
| a Markaðsskráð verðbréf | 3.223,2 | 3.209,1 | 3.199,8 | -23,4 | -9,3 |
| b Endurhverfir samningar | 969,4 | 7.529,4 | 8.018,3 | 7.048,9 | 488,9 |
| **Ríkissjóður og ríkisstofnanir** | **715,5** | **31,6** | **32,0** | **-683,5** | **0,3** |
| a Markaðsskráð spariskírteini | 715,5 | 31,6 | 32,0 | -683,5 | 0,3 |
| **Aðrar eignir** | **86,5** | **138,3** | **120,0** | **33,5** | **-18,3** |
| **SKULDIR OG EIGIÐ FÉ** | 87.307,0 | 91.817,6 | 98.244,1 | 10.937,0 | 6.426,4 |
| **Erlendar skuldir til skamms tíma** | **123,6** | **494,5** | **478,3** | **354,7** | **-16,3** |
| **Mótvirði úthlutunar dráttarréttinda IMF** | **1.734,7** | **1.712,5** | **1.699,2** | **-35,5** | **-13,3** |
| **Seðlar og mynt** | **10.583,5** | **10.973,0** | **11.052,7** | **469,2** | **79,6** |
| **Innlánsstofnanir** | **11.116,9** | **17.996,6** | **27.593,5** | **16.476,6** | **9.596,8** |
| a Innstæður | 6.615,7 | 7.539,6 | 19.133,6 | 12.517,9 | 11.594,0 |
| b Bundnar innstæður v/stórgreiðslukerfis | 3.825,0 | 1.452,2 | 1.452,4 | -2.372,6 | 0,2 |
| c Innstæðubréf | 4.501,2 | 9.004,8 | 7.007,4 | 2.506,2 | -1.997,4 |
| d Aðrar kröfur | 0,0 | 0,0 | 0,0 | 0,0 | 0,0 |
| **Aðrar fjármálastofnanir** | **33,2** | **16,2** | **16,6** | **-16,6** | **0,4** |
| a Innstæður | 33,2 | 16,2 | 16,6 | -16,6 | 0,4 |
| **Ríkissjóður og ríkisstofnanir** | **22.900,7** | **19.956,4** | **17.079,6** | **-5.821,0** | **-2.876,7** |
| a Aðalviðskiptareikningar ríkissjóðs | 9.689,1 | 12.387,1 | 9.242,1 | -447,0 | -3.145,0 |
| b Ríkisstofnanir | 1.207,6 | 998,9 | 1.156,7 | -50,9 | 157,8 |
| c Gjaldeyrisreikningar ríkissjóðs | 487,1 | 766,4 | 846,9 | 359,7 | 80,5 |
| d Bundið innlán | 11.516,9 | 5.804,1 | 5.834,0 | -5.682,9 | 29,9 |
| **Aðrar skuldir** | **597,5** | **529,2** | **581,9** | **-15,6** | **52,7** |
| **Áætluð afkoma ársins fyrir skatt** | **.** | **-77,9** | **-474,8** | **-474,8** | **-396,8** |
| Gengishagnaður/-tap á árinu | . | -498,8 | -1.117,2 | -1.117,2 | -618,3 |
| Áætlaður hagnaður af rekstri | . | 420,9 | 642,4 | 642,4 | 221,5 |
| **Stofnfé og annað eigið fé** | **40.217,1** | **40.217,1** | **40.217,1** | **-** | **-** |

**Liðir til skýringar**

| | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|
| Gjaldeyrisforði (erlendar eignir, a - e) | 58.108,2 | 71.136,0 | 66.090,0 | 7.981,7 | -5.046,0 |
| Gjaldeyrisstaða, nettó | 57.984,6 | 70.641,5 | 65.611,7 | 7.627,1 | -5.029,8 |
| Innstæður ríkissjóðs og ríkisstofnana, nettó | 22.185,2 | 19.924,7 | 17.047,7 | -5.137,5 | -2.877,0 |
| Kröfur á aðra, brúttó | 28.317,4 | 20.491,3 | 31.967,5 | 3.650,1 | 11.476,2 |
| Grunnfé | 21.700,4 | 28.969,7 | 38.646,1 | 16.945,8 | 9.676,5 |

Allar fjárhæðir í milljónum króna